



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ  
Á AKUREYRI

# ÁRSSKÝRSLA 2012

- AKUREYRI -  
- 2013 -

© Héraðsskjalasafnið á Akureyri 2013  
Ritstjórn og umbrot: Aðalbjörg Sigmarsdóttir  
Prófaralestur: Lára Ágústa Ólafsdóttir  
Vefútgáfa: <http://www.herak.is/>

## Inngangur

Héraðsskjalasafnið á Akureyri starfar samkvæmt stofnsamþykkt fimm sveitarfélaga við Eyjafjörð. Þessi sveitarfélög eru Akureyri, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur og var íbúafjöldi þeirra samanlagt 20.229 þann 1. des. 2011.

Hlutverk safnsins er söfnun, innheimta, skráning og varðveisla skjala og annarra heimilda um starfsemi og sögu héraðsins til notkunar fyrir stjórnendur og starfsmenn sveitarfélaga og stofnana þeirra svo og fyrir einstaklinga. Söfnun og varðveisla þessara skjala er gerð til þess að tryggja hagsmuni og réttindi bæði opinberra aðila og einstaklinga og einnig til notkunar við fræðilegar rannsóknir á sögu svæðisins. Héraðsskjalasafnið á einnig að hafa eftirlit með skjalavörslu hjá stofnunum og starfsmönnum sveitarfélaganna og veita þeim ráðgjöf varðandi skjalavörslu.

Safnið er opið öllum sem á þjónustu eða upplýsingum þurfa að halda, hvort sem það er í þágu vinnu, verkefna eða áhugamála.

Dagleg verkefni skjalavarða felast einkum í eftirliti, ráðgjöf, innheimtu, móttöku, skráningu og frágangi skjala, hvort heldur er frá sveitarfélögum sem að safninu standa eða einstaklingum, félögum og fyrirtækjum á safnsvæðinu. Auk þess aðstoða skjalaverðir gesti á lestrarsal við heimildaleit og annast afgreiðslu fyrirspurna.

Afgreiðslutími að vetrinum, þ.e. 16. september - 15. maí, er kl. 10:00-18:00 mánudaga og fimmtudaga og kl. 10:00-16:00 þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga. Á sumartíma, 16. maí - 15. september er opið kl. 10:00-16:00 mánudaga - föstudaga. Á þessum tíma er lestrarsalur opinn á 3. hæð í húsnæði skjalasafnsins að Brekkugötu 17. Tveir starfsmenn eru í 100% starfi við safnið, Aðalbjörg Sigmarsdóttir héraðsskjalavörður og Lára Ágústa Ólafsdóttir skjalavörður.



*Lestrarsalur safnsins er á 3. hæð.*

## Starfsemi

Á Héraðsskjalasafnið á Akureyri komu 602 gestir árið 2012 og er það örlítill fækkun frá fyrra ári eða um 5,6%. Karlar voru 463 en konur 139. Samhliða þessari fækkun var einnig fækkun á lánum á lestrarsal, alls voru lánuð 2017 númer en 2173 árið áður. Skjalafhendingar til safnsins voru 89 talsins og náðu yfir 42,33 hillumetra.

## Sérstök verkefni

Í tilefni af 100 ára afmæli Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands tók safnið þátt í formlegu samstarfi Félags héraðsskjalavarða um skráningu og söfnun á íþróttatengdum skjölum. Átakið hófst 18. apríl og stóð út árið. Söfnunin gekk nokkuð vel og að henni lokinni eiga um 50 íþróttafélög skjöl sín varðveitt í safninu.

## Fundir og ráðstefnur

Félag héraðsskjalavarða á Íslandi stendur fyrir árlegum ráðstefnum og fræðslu fyrir starfsfólk héraðsskjalasafnanna. Ráðstefnan var haldin hér á Akureyri í september 2012 og þótti takast mjög vel. Þar voru tekin fyrir mál eins og skjalavarsla grunnskólanna, skráning og skönnun ljósmynda, átaksverkefni um söfnun skjala, rannsóknarvinna á héraðsskjalasöfnum, málalyklar sveitarfélaga, lög um opinber skjalasöfn og innri starfsemi safnanna. Ráðstefnuna sóttu fulltrúar frá sautján héraðsskjalasöfnum.



*Ráðstefnugestir á Akureyri 2012.*

# Sýningar

Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars var sett upp sýning á skjölum Kvennaframbóðsins á Akureyri. Sýningin var í tengslum við ráðstefnu á Hótel KEA sem helguð var 30 ára afmæli Kvennaframbóðsins.

Akureyrarkaupstaður fagnaði 150 ára afmæli sínu árið 2012 og var þess minnst með ýmsum hætti. Á heimasíðu safnsins birtust allt árið vikulegir pistlar með efni sem tengdist afmælinu, sögu bæjarins og skjölum þar að lútandi.

Síðari hluta maí var sett upp sýning á efni sem tengdist hátíðahöldum kaupstaðarins á 100 ára afmælinu árið 1962. Hápunkturinn í sýningahaldi safnsins var afmælissýningin „Fólkið í kaupstaðnum“ en þar var íbúum Akureyrar árið 1862 gerð skil í ættfræði, myndum og skjölum. Sýningin var opnuð 24. ágúst og stóð út september.



Sýning á skjölum Kvennaframbóðs 8. mars 2012.

Veggspjald frá sýningu í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar. Sýndar voru myndir, skjöl og ættfræðiupplýsingar sem tengdust íbúum í kaupstaðnum árið 1862.

## Skjöl afhent Héraðsskjalasafninu á Akureyri árið 2012

Fremst í skránni sem hér fer á eftir er afhendingarnúmer, þá fylgir heiti skjalamyndara, eða uppruni skjalanna og árábil sem þau ná yfir, því næst hver afhenti og hversu margir hillumetrar voru afhentir. Fullunnar skjalaskrár eru aðgengilegar á lestrarsal skjalasafnsins og á vefsíðunni <http://www.herak.is>.

- 2012/1 Félagsheimilið Freyvangur 1957-1999.  
Leifur Guðmundsson afhenti 0,03 hm.
- 2012/2 Verslunin Drífa, Akureyri 1979-1999.  
Þórgnýr Þórhallsson afhenti 0,06 hm.
- 2012/3 Dagsljós 2005-2008.  
Lögmannsstofan Íris/Júlí Ósk Antonsdóttir afhenti 2,24 hm.
- 2012/4 Sóknarnefnd Grundarsóknar 1908-1997.  
Hjörtur Haraldsson afhenti 0,3 hm.
- 2012/5 Útgerðarfélagið Gjögur, Grenivík 1946-1960.  
Árni Björn Árnason afhenti 0,5 hm.
- 2012/6 Búnaðarfélag Hrafnagilshrepps 1967-2005.  
Hjörtur Haraldsson afhenti 0,4 hm.
- 2012/7 Glæsibæjarhreppur 1939-2001.  
Björn Jósef Arnviðarson afhenti 0,3 hm.
- 2012/8 Öxnadalshreppur 1911-1991.  
Björn Jósef Arnviðarson afhenti 0,23 hm.
- 2012/9 Eyjafjarðarsveit 1991-1996.  
Björn Jósef Arnviðarson afhenti 0,05 hm.
- 2012/10 Grýtubakkahreppur 1959-2009.  
Björn Jósef Arnviðarson afhenti 0,03 hm.
- 2012/11 Svalbarðsstrandarhreppur 1945-1994.  
Björn Jósef Arnviðarson afhenti 0,04 hm.
- 2012/12 Saurbæjarhreppur 1986-1990.  
Björn Jósef Arnviðarson afhenti 0,03 hm.
- 2012/13 Akureyrarkaupstaður 1949-1972.  
Björn Jósef Arnviðarson afhenti 0,04 hm.
- 2012/14 Sýslumaður Eyjafjarðarsýslu 1925-1996.  
Björn Jósef Arnviðarson afhenti 0,15 hm.
- 2012/15 Friðrik Ásmundsson Brekkan, Hafnarfirði 2005-2006.  
Friðrik Ásmundsson Brekkan afhenti 0,03 hm.
- 2012/16 Ágúst Jónsson, Akureyri 1955-1957.  
Magnús Ágústsson afhenti 0,03 hm.
- 2012/17 Ræktunarfélaga Norðurlands/Ólafur Jónsson 1904-1983.  
Bjarni Guðleifsson afhenti 0,03 hm.
- 2012/18 Rannsóknarstofa Norðurlands 1974-1987.  
Bjarni Guðleifsson afhenti 0,03 hm.

- 2012/19 Jakob Thorarensen, Akureyri 1983.  
Margrét Lilja Friðriksdóttir afhenti 0,4 hm.
- 2012/20 Jón Kr. Sólnes, Akureyri 1968-2005.  
Bæjarskrifstofa/Elín Dögg Guðjónsdóttir afhenti 0,64 hm.
- 2012/21 Skátafélagið Klakkur/Skotlandsferð 1946, ljósr. 2008-2012.  
Karl Ómar Jónsson afhenti 0,04 hm.
- 2012/22 Kaldbakur hf, Svalbarðsströnd 1941-1963.  
Kristján Kjartansson, afhenti 0,1 hm.
- 2012/23 Öldrunarheimili Akureyrar 2011.  
Helga Erlingsdóttir afhenti 2,2 hm.
- 2012/24 Skipbrotsmannaskýli á Þönglabakka í Þorgeirsfirði 1954-1956.  
Björn Ingólfsson afhenti 0,03 hm.
- 2012/25 Sjúkrahúsið á Akureyri 1904-1982.  
Magnús Stefánsson afhenti 0,07 hm.
- 2012/26 Halldór Stefánsson, Akureyri 1895.  
Magnús Stefánsson afhenti 0,03 hm.
- 2012/27 Sögufélag Eyfirðinga 2011.  
Jón Hjaltason afhenti 0,03
- 2012/28 Soroptimistaklúbbur Akureyrar 1982-2006.  
Hólmfríður Andersdóttir afhenti 0,06 hm.
- 2012/29 Kvennaframboð á Akureyri 1982.  
Karólína Stefánsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2012/30 Jafnréttishreyfingin á Akureyri 1982-1985.  
Karólína Stefánsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2012/31 Jón H. Oddsson og Sigurveig S. Árnadóttir, Akureyri 1938-1941.  
Magnús Stefánsson Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2012/32 Atvinnuþróunarfélag Akureyrar 1989-2003.  
Sólveig Adamsdóttir afhenti 1,4 hm.
- 2012/33 Möl og sandur 1946-1967.  
Hólmsteinn Hólmsteinsson afhenti 0,6 hm.
- 2012/34 Stefán Júlíusson, Breiðabóli 1912-1979.  
Hilmar Stefánsson afhenti 0,03 hm.
- 2012/35 Stefáns Halldórsson, Hlöðum 1961-1980.  
Guðrún Stefánsdóttir afhenti 0,7 hm.
- 2012/36 Kvennalistinn 1985-1995.  
Lára Ellingsen afhenti 0,17 hm.
- 2012/37 Jóhannes Óli Sæmundsson, Akureyri 1926.  
Hjörtur Arnórsson afhenti 0,03 hm.
- 2012/38 Sveinn Árnason, Akureyri 1930.  
Sigurrós Aðalsteinsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2012/39 Starfsmannafélag Akureyrarbæjar 1993-2001.  
Arna Jakobína Björnsdóttir afhenti 0,08 hm.
- 2012/40 Kristinn Þorsteinsson, Akureyri 1928-1930.

- 2012/41 Ásdís Gunnlaugsdóttir afhenti 0,03 hm.  
Ellen M. Þorvaldsdóttir, Akureyri 1939.  
Ellen M. Þorvaldsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2012/42 Myndir úr útibúum KEA og af starfsfólki 1950-1955  
Sent í pósti frá Reykjavík 0,03 hm.
- 2012/43 Ólafur Jónsson, Akureyri 1918-1923.  
Jóhannes Sigvaldason afhenti 0,03 hm.
- 2012/44 Einar Guttormsson frá Ósi 1938.  
Borghildur Einarisdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2012/45 Oddeyrarskóli 2012.  
Amtsbókasafn/Hólmkell Hreinsson afhenti 0,03 hm.
- 2012/46 Saurbæjarheppur 1904-1944.  
Gunnar Jónsson afhenti 0,07 hm.
- 2012/47 Akureyrarbær 2012.  
Afhent frá bæjarskrifstofu 0,03 hm.
- 2012/48 Hallgrímur Jónsson, Akureyri 1915-1965.  
Minjasafnið á Akureyri/Hörður Geirsson afhenti 0,03 hm.
- 2012/49 Akureyrarbær / Akureyrarkirkja óársett  
Minjasafnið á Akureyri/Hörður Geirsson afhenti 0,03 hm.
- 2012/50 Gagnfræðaskóli Akureyrar 1980.  
Björn Sverrisson afhenti 0,03 hm.
- 2012/51 Kristinn G. Jóhannsson, Akureyri 1962.  
Kristinn G. Jóhannsson afhenti 0,03 hm.
- 2012/52 Einar Guttormsson frá Ósi 1864-1978.  
Borghildur Einarisdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2012/53 Akureyrarbær 1922-2007.  
Elín Dögg Guðjónsdóttir afhenti 12,11
- 2012/54 Grávara hf. á Grenivík 1969-1978.  
Björn Ingólfsson afhenti 0,04 hm.
- 2012/55 Einar Kristjánsson frá Hermundarfelli óársett.  
Amtsbókasafn/Sigrún Ingimarsdóttir afhenti 0,03 hm.
- 2012/56 Akureyrarbær, v. kosninga 2012.  
Brynja Pálsdóttir afhenti 0,22 hm.
- 2012/57 Verksmiðjan á Hjalteyri 1937-1959.  
Sveinn Ingimarsson afhenti 1,04 hm.
- 2012/58 Þórður Aðalsteinsson, Akureyri 1915-1980.  
Erla, Ásta, Marta, Alda og Þórdís Þórðardætur afh. 0,48 hm.
- 2012/59 Arthúr Guðmundsson, Akureyri 1949.  
Bjarni Arthursson afhenti 0,03 hm.
- 2012/60 Kristján Einarsson frá Djúpalæk 1941-1990.  
Kristján Kristjánsson afhenti 0,05 hm.
- 2012/61 Neytendafélag Akureyrar og nágrennis 1979-1982.  
Vilhjálmur Ingi Arnason afhenti 0,03 hm.



- 2012/62 Kristján Pétursson, Akureyri 1989-2002.  
Þórkatla Sigurbjörnsdóttir afhenti 3,7 hm.
- 2012/63 Jóhannes Einarsson/Sigurbjörg Þorsteinsdóttir, Kanada 1886-1947.  
Joseph E. Martin afhenti 0,03 hm.
- 2012/64 Ferðafélag Akureyrar 2010-2012.  
Kári Arnason afhenti 0,03 hm.
- 2012/65 Sverrir Pálsson, Akureyri 1996.  
Sverrir Pálsson afhenti 0,04 hm.
- 2012/66 Sundfélagið Óðinn, Akureyri 1996-2012.  
Dýrleif Skjöldal afhenti 0,3 hm.
- 2012/67 Nefnd um skipan félagsmála hjá Akureyrarbæ 1970-1971.  
Valgarður Baldvinsson afhenti 0,03 hm.
- 2012/68 Arthur Guðmundsson/Ragnheiður Bjarnadóttir, Ak. 1880-1990.  
Þórdís G. Arthursdóttir afhenti 0,2 hm.
- 2012/69 Valgarður Baldvinsson, Akureyri óársett.  
Valgarður Baldvinsson afhenti 0,03 hm.
- 2012/70 Sundfélagið Grettir 1937-1946.  
Axel Gíslason afhenti 0,03 hm.
- 2012/71 Oddur Gunnarsson/Gígja Snædal, Dagverðareyri 1888-óárs.  
Gígja Snædal afhenti 0,03 hm.
- 2012/72 Hólmfríður Magnúsdóttir/Rósberg Snædal, Akureyri 1941-1944.  
Gígja Snædal afhenti 0,03 hm.
- 2012/73 Náttúrulækningafélag Akureyrar 1963-1993.  
Stefán Jóhannesson afhenti 2,3 hm.
- 2012/74 Hótel Harpa, Kjarnalundi 1997.  
Stefán Jóhannesson afhenti 0,03 hm.
- 2012/75 Tannlæknastofa Steinars Þorsteinssonar 1984-1989.  
Stefán Jóhannesson afhenti 0,65 hm.
- 2012/76 Þorbjörg Finnbogadóttir, Akureyri 1945-1948.  
Arndís Bergsdóttir afhenti 0,11 hm.
- 2012/77 Akureyrarbær 2012.  
Brynja Pálsdóttir afhenti 0,17 hm.
- 2012/78 Steindór Steindórsson frá Hlöðum 1952-1989.  
Örlygur Hálfðanarson afhenti 0,12 hm.
- 2012/79 Júlíus Jóhannesson/Herdís Þorbergsdóttir frá Hörg 1915-1986.  
Áslaugur Haddsson afhenti 0,03 hm.
- 2012/80 Amtsbókasafnið á Akureyri 2006.  
Hólmkell Hreinsson afhenti 0,03 hm.
- 2012/81 Sýslumaðurinn á Akureyri 1934-1973.  
Þorsteinn Pétursson afhenti 0,94 hm.
- 2012/82 Sinawik-klúbbur Akureyrar 1970-2000.  
Ásta Sigurðardóttir, Halldóra Sævarsdóttir og Þóra

	Hjaltadóttir afhentu 0,25 hm.
2012/83	Hólmsteinn Snædal, Akureyri 1834-1860. Hólmsteinn Snædal afhenti 0,03 hm.
2012/84	Kvenfélagið Samhygð í Hrísey/Kvenfélag Hríseyjar 1919-2009. Þórunn Arnórsdóttir afhenti 0,25 hm
2012/85	Leikskólinn Árholt 1977-2006. Elín Dögg Guðjónsdóttir afhenti 1 hm.
2012/86	Skákfélag Fram-Hörgdæla 1955-1964. Ármann Búason afhenti 0,03 hm.
2012/87	Lestrarfélag Fram-Hörgdæla 1945-1997. Ármann Búason afhenti 0,03 hm.
2012/88	Skriðuhreppur 1986-2000. Ármann Búason afhenti 3,2 hm.
2012/89	Margrét Guðmundsdóttir, Akureyri 1962. Margrét Guðmundsdóttir afhenti 0,03 hm.

## Rekstrarreikningur Héraðsskjalasafnsins á Akureyri 2012

40	Tekjur - Framlag ríkis	573.335cr
40	Tekjur - Sveitarfélög utan Akureyrar	4.511.464cr
40	Aðrar tekjur (án vsk)	220.050cr
51	Launakostnaður/starfsmannakostnaður	12.891.966.-
52	Vörukaup, rafmagn og hiti	1.712.611.-
54	Húsaleiga/lausafjárleiga	22.420.130.-
54	Önnur þjónustukaup/ræsting	1.833.374.-
	<b>Samtals:</b>	<b><u>33.553.232.-</u></b>



